

**64** Brjef landshöfðingja til biskupsins um flutning á Holtskirkju undir Eyja-  
3. maí fjöllum. — Samkvæmt tillögum yðar, háæruverðugi herra, í þóknanlegu brjefi, dags. 22. febr. síðastliðinn, og eptir að löglegt samþykki hjeradsfundar er þar til fengið, vil jeg hjer með fallast á, að kirkjan að Holti undir Eyjafjöllum verði flutt á jörðina Ásólfsskála og byggð þar upp að nýju.

Þetta er yður hjer með tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

**65** Brjef landshöfðingja til bæjarfógetans í Reykjavík um endurgjald úr fátækra-  
3. maí sjóði á lækninga- og legukostnaði vinnukonu. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 23. f. m., hafið þjer, herra bæjarfógeti, skýrt mjer frá því, að Jakob snikkari Sveinsson hafi krafizt endurgjalds úr fátækra sjóði Reykjavíkur á kostnaði af sjúkrahúslegu og lækningu vinnukonu, er hjá honum syktist í vistinni í fyrra vetur, þannig, að taka varð af henni hægra handlegg, en með því að þessi endurgjaldskrafa komi fyrst nú fram, fullu ári eptir að umræddur kostnaður á fjell, hafi bæjarstjórninni þótt nokkur vafi á, hvort óhult mundi að verði við hinni framkomnu kröfu í von um endurgjald frá framfærslusveit stúlkunnar, Grímsneshreppi, og beiðist þjer nú, fyrir hönd bæjarstjórnarinnar, úrskurðar míns eða álits um það, hvort bæjarstjórninni sje skylt að sinna nefndri kröfu Jakobs Sveinssonar.

Út af þessu læt jeg eigi hjá líða að tjá yður hjer með sem álit mitt, að jeg fæ ekki sjeð, að fátækra sjóður Reykjavíkur geti komizt hjá því, samkvæmt fyrirællum vinnuhjúatilskipunarinnar 26. jan. 1866, 26. gr., að endurgjalda Jakobi snikkara Sveinssyni hinn umkrafaða lækningar- og legukostnað fyrir vinnukonu hans, gegn því að fá hann aptur endurgoldinn af framfærslusveit stúlkunnar, og getur það ekki gjört neina breytingu í þessu tilliti, þó að endurgjaldsins hafi eigi verið krafizt fyr en gjört var, því síður sem bæjarfógetanum virðist fyrirfram hafa verið skýrt frá ráðstöfunum þeim um lækningu stúlkunnar, er hinn umræddi kostnaður stafar frá.

**66** Brjef landshöfðingja til stíptisyfirvaldanna um lán handa Útskála prestakalli  
4. maí til húsbýggingar. — Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður og háæruverðugi herra, í þóknanlegu brjefi, dags. 17. f. m., vil jeg hjer með leggja samþykki mitt á:

- 1., að Útskálaprestakall megi taka 7500 kr. embættislán til uppbyggingar íbúðarhúsi á prestssetrinu, með þeirri stærð og því fyrirkomulagi, sem tekið er fram í bænarskrá prestsins, er fylgdi nefndu brjefi yðar, og að lánið með vöxtum megi endurborgast á næstkomandi 25 árum með  $\frac{1}{25}$  á ári;
- 2., að jarðarhús þau, önnur en fjós, hesthús og smiðja, er fylgt hafa prestssetrinu, megi niður falla og burtu hverfa, þegar sannað er með tilhlýðilegri skoðunargjörð, að hið fyrirhugaða íbúðarhús sje fullgjört og í áskildu standi, en húsbýggingunni skal full-lokið innan hæfilegs frests, er hjeradsprófastur ákveður, og að endingu veitist lántökuleyfið með því skilyrði,
- 3., að presturinn að Útskálam, sjera Jens Pálsson, viðhaldi hinu fyrirhugaða íbúðarhúsi, þegar það er komið upp, vel og rækilega, og að hann, eða dánarbú hans, skili því af sjer við næstu prestaskipti með löglegri úttektargjörð og fullu álagi, ef það eigi er í tilhlýðilegu standi.

Þetta tilkynnist hjermeð hinum heiðruðu stiptsyfirvöldum til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

66  
4. maí

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um gjöld til fulltrúa stjórnarinnar á alþingi 1891. — Samkvæmt allraþegnlegustu tillögu ráðgjafans, hefur hans hátign konunginum þóknast, 30. f. m., allramildilegast að fallast á, að gjöldin til fulltrúa stjórnarinnar á hinni reglulegu samkomu alþingis 1891 skuli ákveðin 2000 kr.

67  
4. maí

Þetta er eigi látið hjá liða hjermeð þjónustusamlega að tjá yður, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar í B-deild Stjórnartíðindanna.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu um endurgjald sveitarstyrks. — Með brjefi, dags. 26. f. m., sem hingað hefur borizt beina leið, hafa oddvitarnir í Garða- og Bessastaðahreppum í Gullbringusýslu áfrýjað til mín úrskurði yðar 13. f. m., en með þeim úrskurði var ákveðið, að sitja skyldi við úrskurð sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu 7. sept. f. á., sem gjörði hinum forna Álptaneshrepp, nú Garða- og Bessastaðahreppum, að skyldu, að greiða Vestur-Landeyjahreppi í Rangárvallasýslu kr. 486,10, er lagt hefur verið þar úr fátækra sjóði til framfærslu 2 börnum Markúsar Kristjáns Þorsteinssonar, af því að Markús þessi ætti framfærslurjett í hinum forna Álptaneshreppi.

68  
4. maí

Skjöl málsins bera það með sjer, að sýslumennirnir í Gullbringu- og Kjósarsýslu og Rangárvallasýslu hafa verið samdóma um, að þessi Markús Kristján Þorsteinsson ætti framfærslurjett í fæðingarhreppi sínum, hinum forna Álptaneshreppi, og þar af leiðandi bæri þeim hreppi að endurgjalda Vestur-Landeyjahreppi fátækra styrk veittan börnum hans tveim, að upphæð kr. 486,10. Með því nú að sýslumennirnir eru á einu máli um þetta, þá hlýtur þar við að sitja samkvæmt 3. gr. í reglugjörð 8. jan. 1834, sbr. landshöfðingjabrjef 15. desbr. 1885 (Stjórnartíð. 1885, B., bls. 149), eins og þjer, herra amtmaður, einnig hafði tekið fram í úrskurði yðar, sem að ofan er nefndur.

Jeg bið yður því, herra amtmaður, að tilkynna oddvitunum í Garða- og Bessastaðahreppum, að ofanefnt erindi þeirra geti eigi orðið tekið til greina, og að leggja fyrir þá, að fullnægja tafarlaust ofanefndum sýslumannsúrskurði, með því að greiða Vestur-Landeyjahreppi umræddar kr. 486,10.

Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um rjett kvenna til að ganga undir próf hins lærða skóla í Reykjavík. — Með þóknanlegu brjefi, dags. í gær, hafði þjer, herra amtmaður og háeruverðugi herra, sent hingað bónarbrjef frá fröken Ólavíu Jóhannsdóttur, þar sem hún sækir um leyfi til að ganga undir fyrri hluta næstkomandi burtfararprófs, þannig, að hún verði að eins reynd í námsgreinum þeim, sem þar til eru taldar, náttúrusögu, landafræði, ensku, stærðfræði og latneskum stýl, en með því að hin heiðruðu stiptsyfirvöld hefur greint á um, hvort leyfi til prófsins, þannig lagaðs, geti veitst, hafði þjer skotið þessu máli undir úrskurð minn.

69  
24. maí